



**Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008
(ritfangakostnaður)**

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi er hjartanlega sammála því að persónuleg námsgögn ættu að vera gjaldfrjáls, hinsvegar álítur ungmennaráðið þetta frumvarp vera sérkennilegt.

Að eingöngu fella 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laga er að mati ungmennaráðsins ekki nóg. Bæta þurfti við í 31.gr. að *opinberum aðilum er skylt að útvega börnum persónuleg gögn t.d ritföng og pappír*. Þau lög gætu tekið gildi seinna en haft mun meiri áhrif. Hafið í huga að ungmennaráðið hefur ekki leitað til til lögfróðra einstaklinga til að spyrjast fyrir um málið, en að mati ungmennaráðsins er það ekki sama sem merki að fella setninguna úr lögum og að veita gjaldfrjáls persónuleg námsgögn. Ef að tilgangurinn með frumvarpinu er að veita gjaldfrjáls námsgögn þá er þetta mjög einkennileg leið til þess. Hægt væri að bæta við lögin hvaða persónulegu gögn hið opinbera skuli gera aðgengileg. T.d ætti hið opinbera að útvega skólatöskur og reiknivélar? Ætti hið opinbera að útvega tölvur? Hvaða námsgögn eru nauðsynleg fyrir börn? Frumvarpið er því miður frekar innihaldslaust og markmið þess ekki skýrt. Frumvarpið er jákvætt en mætti bæta til muna.

Úrdráttur: Ungmennaráðið mælir með frumvarpinu en óskar þess að bætt verði við klausu sem skyldar opinbera aðila til að útvega ákveðin persónuleg námsgögn eða allavegana gera þau aðgengileg, s.s að nemendur gætu fengið blýanta, pappír, stílabækur hjá kennara eða skóla. Útfærslan á þessu ætti alltaf að vera gerð í samráði við börn og Umboðsmann barna.

Að lokum viljum við þakka allsherjar og menntamálanefnd fyrir að hafa leitað ráða við ungmennaráðið. Vonum við að hún muni halda áfram að leita til barna og ungmenna þegar kemur að málefnum varðandi menntamál.

**Fyrir hönd ungmennaráðs UNICEF á Íslandi,
Oddviti UUÍ**
